

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 262, 18. maí 1994, um bann við línuveiðum á norðanverðum Breiðafirði.

#### 1. gr.

Aftan við reglugerðina komi ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er heimilt, frá og með 1. apríl og til og með 20. apríl 1999, að stunda línuveiðar norðan línu, sem dregin er 250° réttvísandi frá Skorarvita.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 26. mars 1999.*

**Þorsteinn Pálsson.**

\_\_\_\_\_  
*Jón B. Jónasson.*